

- Dreifibréf

Reykjavík, 16. mars 2017

Tilvísun: OS2017030031/10.1

Verknúmer: 1384050

Efni: Tillögur að smávirkjunum (minni en 10 MW)

Eins og fram kom á fundum fulltrúa Orkustofnunar, sem skipulagðir voru af svæðissamtökum sveitarfélaga á síðasta ári, hefur stofnunin áhuga á því að koma á fót samstarfi milli sveitarfélaga og stofnunarinnar um kortlagningu á möguleikum þeirra til smávirkjana í vatnsafla.

Hugmynd að verkefni var kynnt fyrir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti fyrir jólin og var því vel tekið. Í dag liggur fyrir hugmynd að útfærslu á verkefninu í drögum að Byggðaáætlun en sú áætlun hefur verið flutt undir Innanríkisráðuneytið.

Byggðaáætlun verður að líkindum ekki tekin á dagskrá fyrr en á haustþingi 2017 þannig að verkefnið fer ekki í fullan gang fyrr en í fyrsta lagi á næsta ári, ef af verður.

Orkustofnun fékk á fjárlögum ársins 2017 fjárhæð sem nýta má til þess að hefja verkið og reiknar stofnunin með því að útbúa forhönnun fyrir 6 virkjunarkosti. Útfærsla Orkustofnunar yrði á svipuðu formi og stofnunin gerði fyrir þá virkjunarkosti, sem hún lagði fram að eigin frumkvæði, í þriðja áfanga rammaáætlunar (<http://os.is/gogn/Skyrslur/OS-2015/OS-2015-04-Vidauki-39.pdf>).

Til þess að það sé hægt, þarf stofnunin að fá hugmyndir um mögulega virkjunarkosti, sem hægt er að útfæra með þessum hætti. Þar sem fjármagnið er takmarkað er hugmyndin að útfæra einn virkjunarkost fyrir hvern landshluta.

Orkustofnun óskar hér með eftir því að landshlutasamtök sveitarfélaga kalli eftir hugmyndum frá sveitarfélögum, innan sinna vébanda og sendi Orkustofnun nauðsynlegar upplýsingar fyrir að minnsta kosti einn virkjunarkost.

Stofnunin mun síðan velja einn virkjunarkost frá hverju landssvæði til útfærslu í þessum áfanga í smávirkjanamálum.

Þær upplýsingar sem stofnun þarf á að halda eru:

- Kort sem sýnir hugmynd að staðsetningu á stíflu, virkjun og mögulegum aðrennslisskurði ef hugmyndin er að safna vatni úr mörgum lækjum í eitt lón (má vera handteiknað inn á kort sem

finna má á vefnum, t.d. í gegnum <http://landakort.is/>. Nákvæm staðsetning með gps hnitum, væri mjög æskileg ef því verður við komið.

- Stutt lýsing á þeim vatnsföllum sem um er að ræða og eðli þeirra (dragá/lindá)
- Ljósmyndir af hugsanlegum stíflustað og staðsetningu stöðvarhúss
- Upplýsingar um tengilið sem þekkir aðstæður (landeiganda/landeigendur, heimilisfang, tölvupóstfang og símanúmer)

Orkustofnun fer þess á leit að hugmyndum verði komið á framfæri við stofnunina fyrir 20. maí næstkomandi til Erlu Bjarkar Þorgeirsdóttur (erla@os.is).

Með von um ánægjulegt og árangursríkt samstarf á komandi árum.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra

Erla Björk Þorgeirsdóttir

Skúli Thoroddsen